

Reykjavík, 10. febrúar 2015

Skipulagsstofnun,  
Laugavegi 166,  
105 Reykjavík.

[skipulagsstofnun@skipulagsstofnun.is](mailto:skipulagsstofnun@skipulagsstofnun.is)

**Efni: Athugasemdir, ábendingar og kröfur eigenda Ármúla I og II og Melgraseyrrar í Strandabyggð vegna áformaðrar framleiðslu á 6,800 tonnnum af regnbogasilungi og 200 tonnnum af þorski með sjókvíaeldi í Ísafjarðardjúpi.**

1. Frestir til athugasemda – skortur á samráði

Þegar drög að matsáætlun lágu fyrir gerðu eigendur jarðanna Ármúla I og II athugasemdir og komu með ábendingar, sem tundaðar eru á bls. 29 í tillögu að matsáætlun sem dagsett er 10. marz 2014. Athugasemdirnar voru í fimm liðum og lutu að laxveiði í Selá (1) sjóbleikjugengd í Ísafjarðardjúpi og veiði á sjóbleikju í Selá, Mórillu og í sjó (2) skorti á rannsóknum á uppeldisstöðvum rauðsprettu á leirum Kaldalóns (3) vindalagi og straumum (4) og eftirliti framkvæmdaaðila (5). Haldið er fast við allar athugasemdir og ábendingar, en tvær þeirra einungis gerðar að umtalsefni í þessu bréfi, það er sjóbleikjugengd í Ísafjarðardjúpi og veiði á henni í Selá, Mórillu og í sjó og rannsóknir á uppeldisstöðvum rauðsprettu í Kaldalóni, sem eru nr. 2 og 3 eins og áður greinir.

Í tillögu framkvæmdaaðila að matsáætlun segir í athugasemdum að aflað muni frekari gagna frá eigendum Ármúla I og II fyrir gerð frummatsskýrslu. Þá er sett fram sú afstaða framkvæmdaaðila að það sé ekki hans hlutverk að gera rannsóknir á sjóbleikjustofninum. Loks telur hann engar líkur á að eldið hafi áhrif á lífríki í Kaldalóni. Það er skemmzt frá því að segja að framkvæmdaaðili hefur aldrei haft samband eða óskað eftir gögnum frá eigendum Ármúla I og II. Eigendur höfðu sjálfir frumkvæði að því að afla upplýsinga um áætlaða sjóbleikjuveiði í Selá og Mórillu og sendu fulltrúa framkvæmdaaðila, Valdimar I. Gunnarssyni. Það var svo að frumkvæði eigenda Ármúla I og II, sem fulltrúar framkvæmdaaðila funduðu með eigendum jarða á Langadalsströnd, það er Ármúlajarðanna, Melgraseyrrar, Hamars og Hafnardals. Sá fundur fór fram í gær, mánudaginn 9. febrúar 2015. Þá fyrst fór fram sú kynning á frummatsskýrslu, sem áskilin er í 2. mgr. 10. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum

nr. 106/2000. Þess ber einnig að geta að samkvæmt 16. gr. laganna ber framkvæmaaðili ábyrgð á tilkynningum meðal annars til hagsmunaaðila.

Við teljum því að athugasemdir, ábendingar og kröfur sem fram koma í þessu bréfi, séu ekki of seint fram komnar, þar sem drátturinn er á ábyrgð framkvæmdaaðila. Auk eigenda Ármúla I og II standa eigendur Melgraseyrar, sem land á meðal annars að ósi Selár, að bréfi þessu.

### 2. Staðsetning sjókvía á svæði „undir Bæjarhlíð“ og forsendur hennar

Í tillögu að matsáætlun og frummatsskýrslu kemur fram að á svæði, sem nefnt er „undir Bæjarhlíð“ eigi að vera þrjú eldissvæði. Hið nyrsta þeirra 2 km fyrir sunnan Æðey (bls. 14 í frummatsskýrslu). Frá þeim punkti og að ósum Selár eru um 6 km. Á þessu 6 km svæði eiga sem fyrr segir að vera þrjú eldissvæði, hvert með sex sjókvíum, samtals 18, og helgunarsvæði hvers þeirra er 1 km til 1,2 km á lengd. Í þessu felst að á 6 kílómetra svæði frá ósum Selár eru 3 til 3,6 km helgaðir sjókvíum. Skemmta mögulega fjarlægð frá ósum Selár til næstu sjókvíar er því 2,4 til 3 km. Miðað við sýndar staðsetningar á korti frá framkvæmdaaðila er fjarlægðin þó varla mikið meiri en 1 km. Fjarlægðin frá ósum Mórillu, sem rennur í Kaldalón er einnig afar stutt.

Framkvæmdaaðili gerir þá grein fyrir forsendum á staðsetningu kvíanna að næsta laxveiðiá (á með meira en 100 laxa meðalveiði á ári), Laugadalsá sé í 5 km fjarlægð. Það er ekki vefengt. Staðsetningin er einkum réttlætt með nægilegri fjarlægð frá þessari tilteknu á.

### 3. Framkvæmdaaðili hafnar rannsókn á sjóbleikjustofni

Fyrir liggur að framkvæmdaaðili, Hraðfrystihúsið Gunnvör hf., hafnar því að láta framkvæma rannsókn á sjóbleikjustofninum í Ísafjarðardjúpi, telur það ekki hlutverk sitt. Framkvæmdaaðili styðst eingöngu við skráða veiði á sjóbleikju og annarri silungsveiði í Ísafjarðardjúpi (bls. 65-67 í frummatsskýrslu). Þær upplýsingar eru með öllu ófullnægjandi. Eigendur Ármúla I og II hafa sent upplýsingar um ætlaða sjóbleikjuveiði í Selá, sem er um 290 fiskar á ári. Framkvæmdaaðili hefur með engum hætti leitast við að afla munnlegra upplýsinga frá öðrum landeigendum um veiði þeirra á sjóbleikju. Slíkt er nauðsynlegt því landeigendum er ekki kunnugt um að Fiskistofa hafi sinnt þeirri lagaskyldu sem á stofnuninni hvílir að skrá Selá og Mórillu eða aðrar ár á svæðinu sem veiðivötn, sbr. 12. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Stofnunin hefur ekki tilkynnt landeigendum um slíka skráningu eða að hún standi til né heldur hefur stofnunin kallað eftir veiðiskýrslum, sem henni væri þó heimilt, sbr. 13. gr. lagnanna. Landeigendur hafa aldrei fengið form fyrir veiðiskýrslur sendar frá Fiskistofu, sbr. 2. mgr. 13. gr., en stofnunin á að útbúa slíkt form.

Í ljósi þess, sem að framan greinir, er brýnt að framkvæmdaaðili afli upplýsinga hjá hverri sjávarjörð og öðrum jörðum sem eiga land að straumvatni um silungs-/sjóbleikjuveiði. Þær eru ekki mjög margar við Ísafjarðardjúp, enda árnar stuttar. Þess skal getið hér að Selá hefur almennt verið talin vatnsmesta á Vestfjarða, en einungis fjórar jarðir eiga land að ánni.

### 4. Áhrif sjókvíaeldis á sjóbleikjustofn

Landeigendur óttast að sjókvíaeldið hafi í för með sér lífræna mengum, sem haft getur alvarleg áhrif á sjóbleikjustofninn og óttast einnig hættu á slysasleppingum, sem gæti valdið stórfelldum spjöllum á náttúrulegu umhverfi sjóbleikju t.d. vegna hættu á afráni seiða og hrognna og spillingar hryngingarsvæða.

Það er nægilega fram komið að lítil sem engin vitneskja er um stærð og útbreiðslu sjóbleikjustofnsins í Ísafjarðardjúpi, en þó ljóst að þær upplýsingar, sem eru til um veiði á henni, benda til þess að stofninn sé verulega stór. Eigendur Ármúla I og II mótmæla því að veiði á sjóbleikju hafi minnkað á síðustu árum. Hún hefur verið stöðug allar götur frá 1992 er núverandi eigendur eignuðust jarðirnar. Þá hefur sjóbleikjugengd í Mórillu heldur ekki minnkað þótt veiðisókn hafi minnkað.

Þá liggur fyrir yfirlýsing framkvæmdaaðila um að hann ætli ekki sjálfur að rannsaka sjóbleikjustofninn í Ísafjarðardjúpi og ekki að sjá til þess að slík rannsókn fari fram.

5. Er unnt að meta umhverfisáhrif sjókvíaeldis á sjóbleikjustofn sem ekki hefur verið rannsakaður?

Framkvæmdaaðilinn, Hraðfrystihúsið Gunnvör hf., stendur nú fyrir mati á umhverfisáhrifum 7000 tonna sjókvíaeldis í Ísafjarðardjúpi. Staðsetningar sjókvía, a.m.k. „undir Bæjarhlíð“ eru ákvarðaðar á forsendum fjarlægðar frá laxveiðiám með meira en 100 laxa meðalveiði á ári. Óumdeilt er að ekkert tillit er tekið til straumvatna með minni laxveiði og heldur ekki straumvatna og sjávarjarða þar sem sjóbleikjuveiði er.

Skipulagsstofnun þarf að svara því hvort framkvæmdaaðila hafi tekizt að meta umhverfisáhrif sjókvíaeldisins á sjóbleikjustofninn í Ísafjarðardjúpi og hvort og þá hver áhrif eldið geti haft á þennan náttúrulega stofn og veiði úr honum. Með því að engin rannsókn á að fara fram á stofninum er útilokað að unnt sé að meta umhverfisáhrif sjókvíaeldisins á hann.

Það getur því ekki til þess komið að fullnægjandi mat á umhverfisáhrifum hafi farið fram.

6. Uppeldisstöðvar rauðsprettu á leirum Kaldalóns og áhrif sjókvíaeldis á náttúrlegt umhverfi  
Eigendur Ármúla I og II hafa bent á að mikið sé af smá-rauðsprettu á leirum utan ósa Mórillu í Kaldalóni. Þessar leirur eru gríðarlegt flæmi. Ef lagt er net sem nær út á leirurnar, einkum síðsumars, hanga yfirleitt á neðri teini þess smáar rauðsprettur, sem liggja greinilega í leirnum í lóninu. Það kunna að vera fleiri flatfiskar en rauðspretta þarna, en hún hefur verið áberandi.

Engin rannsókn á að fara fram á þessum stofni og þess vegna er með sama hætti og greinir að framan útilokað að meta hver umhverfisáhrif sjókvíaeldið hefur á hann. Verður því einnig fullyrt hér að ekki séu forsendur til þess að telja umverfismat framkvæmdaaðilans fullnægjandi og útilokað að veitt verði framkvæmdaleyfi.

7. Hver á að njóta vafans?

Eins og fram er komið neitar framkvæmdaaðili að framkvæma eða láta framkvæma þær rannsóknir, sem eru nauðsynlegar forsendur þess að umverfismat geti farið fram. Það er því óhjákvæmilegur vafi um umhverfisáhrifin. Skipulagsstofnun verður að taka afstöðu til þess, hvort náttúran eða framkvæmdaaðilinn, sem neitar að standa að rannsóknum, eigi að njóta þessa vafa.

8. Kröfur

Það er krafa eigenda Ármúla I og II og Melgraseyrar að matsskýrsla framkvæmdaaðila verði ekki talin uppfylla kröfur laga og reglugerða um mat á umhverfisáhrifum. Er það einkum

vegna þess að framkvæmdaaðili getur ekki, af ástæðum sem hann ber sjálfur ábyrgð á, fullnægt fyrir mælum 2. mgr. 9. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 um að lýsa áhrifum framkvæmdar á umhverfi og einstaka umhverfisþætti. Til þess skortir meðal annars rannsóknir á ofangreindum þáttum.

Þá er einnig ljóst að staðsetning sjókvía, a.m.k. „undir Bæjarhlíð“ er reist á ófullnægjandi forsendum, þar sem ekkert tillit er tekið til meðal annars sjóbleikjugengdar og sjóbleikjuveiði í ám og í sjó.

Við gerum því þær kröfur að matsskýrslan verði talin ófullnægjandi og að ekki verði að svo búnu mælt með framkvæmdaleyfi.

Að lokum viljum við minna á að landeigendur sem eiga jarðir sem liggja að Selá hafa fengið tilboð um leigu árinna til ræktunar fyrir laxveiði, eins og áður hefur verið greint frá. Þar er náttúrulegur laxastofn og hafa laxar reglulega flækst í silunganet í ánni undanfarin 20 ár, sem og í Mórillu. Einnig hafa laxar veiðst í ánum á stöng. En engin skipulögð laxaveiði hefur farið þar fram og engar rannsóknir hafa farið fram á laxastofninum. Það er vel hugsanlegt að a.m.k. Selá myndi bera veiði upp á meira en 100 laxa á ári jafnvel án ræktunar. Það er því krafa landeigenda að 1) laxastofninn verði einnig rannsakaður í Selá og Mórillu áður en eldisleyfi eru veitt og/eða að eldiskvíar verði staðsettar a.m.k. 5 km frá ósum Selár og Mórillu.

Virðingarfyllt,  
f.h. eigenda Ármúla I og II  
og Melgraseyrar



Pétur G. Thorsteinsson